

## Fundargerð (53)

**Fundur haldinn í húsnæði ríkissáttasemjara, Borgartúni 21, fimmtudaginn 7. apríl 2022, kl. 14.30.**

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason  
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir  
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir  
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir  
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Einar Mar Þórðarson  
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir  
Frá Reykjavíkurborg; Kolbeinn Guðmundsson, Harpa Ólafsdóttir og Raket Guðmundsdóttir.  
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Heiða Vignisdóttir.  
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.  
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

1. **Fundargerð** frá síðasta fundi 17. mars 2022 samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu, dags. 16. mars 2022, sem lá fyrir í gögnum fundarins. Gerði hún grein fyrir helstu viðfangsefnum og samskiptum verkefnastjórnar frá síðasta fundi.
3. **Skýrslur innleiðingahópa.** Skýrslur allra innleiðingahópa að undanskilinni skýrslu Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) lágu fyrir í gögnum fundarins. Fóru fulltrúar launagreiðenda yfir helstu þætti sem verið er að vinna með. Skýrsla innleiðingarhóps SFV verður send eftir fundinn.
4. **Matshópur – Nýr fulltrúi Fíh.** Fundarstjóri gerði grein fyrir að Kristjana E. Guðlaugsdóttir inn í matshóp og hættir. Fundurinn staðfesti breytingar á erindisbréfi matshóps og voru Hafdísí færðar þakkir fyrir framlag sitt í þágu verkefnisins.
5. **Fjölmiðlaumfjöllun.** Fjölmiðlaumfjöllun um verkefnið Betri vinnutími í vaktavinnu var á dagskrá fundarins að ósk Sonju Ýrar. Í ljósi þess að nú er eitt ár frá gildistöku betri vinnutíma í vaktavinnu er talin ástæða til að leggja áherslu á leiðarljósinn og markmiðin í verkefninu og þær menningarbreytingar sem verða að fylgja. Lögð verði áhersla á fræðslu fyrir starfsfólk og stjórnendur. Ákveðið var að verkefnastjórn boði fjölmiðlafulltrúa bandalaga, Fíh og launagreiðenda á fund. Markmið fundarins verði að

fá sýn þeirra og sérfræðilekku á því hvernig hægt sé að koma frekari fræðslu til starfsfólks og stjórnenda með árangursríkum hætti.

**6. Önnur mál.**

Engin.

Fundi slitið kl. 16.01. Næsti reglulegi fundur stýrihóps verður fimmtudaginn 28. apríl 2022 kl. 14.30.

Fundargerð er aðgengileg á Teams.